

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 103 96. ár

Föstudaginn 25. júlí 2003

Stefnur

Lánasjóður íslenskra námsmanna,
kt. 710169-0989,
Höfðaborg, Borgartúni 21,
Reykjavík

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Söndru May Ericson, kt. 291153-6669, með óþekkt lögheimili í Bandaríkjunum, til greiðslu skuldar samtals að fjárhæð kr. 3.253.831 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, af kr. 128.069 frá 1. september 2000 til 1. mars 2001, þá af kr. 163.536 frá þeim degi til 1. júlí 2001, þá skv. III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 163.536 frá þeim degi til 1. september 2001, þá af kr. 366.614 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 405.138 frá þeim degi til 1. september 2002, þá af kr. 602.387 frá þeim degi til 9. október 2002 og loks af kr. 3.253.831 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverjum tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. september 2001. Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum úr hendi stefndu.

Málflutningsumboð: Björn L. Bergsson hrl.,
rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu er hún tók hjá stefnanda en þau voru tryggð með sjálfskuldarábyrgð Ragnhildar Eiðsdóttur, kt. 150330-6109, sem er látin. Erfingjum Ragnhildar er ekki stefnt að svo stöddu. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfa árin 1983 til 1986 en númer þeirra og upphafleg fjárhæð er eftirfarandi: T-11765 kr. 8.100, T-13814 kr. 99.100, T-9092 kr. 114.493, T-21229 kr. 58.900, T-75109 kr. 109.994, T-48959 kr. 64.400, T-40870 kr. 46.200, T-62378 kr. 143.226, T-28985 kr. 113.400, T-33746 kr. 92.500, T-44371 kr. 71.800, T-85565 kr. 59.718 og T-78634 kr. 124.283. Að námi loknu voru veitt námslán sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer S-901995. Vegna verulegra vanskila allt frá gjalddaga lánsins þann 1. september 2000 er það allt gjaldfellt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 72/1982, með ákvörðun stjórnar stefnanda þann 9. október 2002. Nánari sundurliðun gjaldfallinna afborgana og eftirstöðva er sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2000	kr.	128.069
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2001	kr.	35.467
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2001	kr.	203.078
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2002	kr.	38.524
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2002	kr.	197.249
Gjaldfelldar eftirstöðvar þann 9. október 2002	kr.	2.651.444
Samtals dómkrafa	kr.	3.253.831

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefnda hefur verið búsett í Bandaríkjunum frá 1. janúar 1991 og er dvalarstaður hennar þarlendis óþekktur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að

Auglýsing

um skipulag í Kópavogi

Vatnsendi. Kríunes. Deiliskipulag.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Kríuness í Vatnsendalandi auglýsist hér með í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Kríunes er íbúðarhús við Elliðavatn þar sem starfrækt hefur verið heimagisting með 8 herbergjum ásamt fundaraðstöðu. Þar eru einnig seld veiðileyfi og bátaleiga er á staðnum. Í breytingunni felst að núverandi íbúð stækkar auk þess sem heimilt verður að gera 3 nýjar íbúðir í húsinu. Í tillögunni felst jafnframt að undir hluta hússins er gert ráð fyrir kjallara þar sem verða m.a. bílageymslur, þvottahús og geymslur. Grunnflötur og hæð bygginga í Kríunesi verður óbreytt miðað við gildandi deiliskipulag svo og ofangreind heimagisting.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, II. hæð, frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8.00 til 14.00 frá 25. júlí til 18. ágúst 2003. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 mánudaginn 1. september 2003.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Kópavogi, 16. júlí 2003.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

9666)

Auglýsing

um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 vegna

„suð-austur Hvaleyrarholts“

Bæjarráð Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar samþykkti á fundi sínum þann 3. júlí 2003, að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, vegna „suð-austur Hvaleyrarholts“, samkvæmt 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin felur í sér í meginatriðum að Þorlákstúni er breytt í samræmi við deiliskipulag þ.e. úr landnotkun stofnanalóðar í „opið svæði til sérstakra nota“ til samræmis við afmarkanir deiliskipulagsins.

Tillagan verður til sýnis frá 25. júlí 2003 - 25. ágúst 2003 í afgreiðslu umhverfis- og tæknisviðs, Strandgötu 8, þriðju hæð. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 8. september 2003. Skila skal athugasemdum til bæjarskipulags, Strandgötu 8-10, Hafnarfirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast samþykkir henni.

Bæjarskipulag Hafnarfjarðar.

9719)

Auglýsing

um mat á umhverfisáhrifum – athugun Skipulagsstofnunar

Djúpvegur nr. 61: Eyrarhlíð – Hörtná í Súðavíkurhreppi.

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar matsskýrslu um Djúpveg nr. 61 Eyrarhlíð – Hörtná í Súðavíkurhreppi.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 25. júlí til 5. september 2003 á eftirtöldum stöðum: Á bæjar- og héraðs-bókasafninu Ísafirði og á skrifstofu Súðavíkurhrepps, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Matsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða og Vegagerðarinnar: www.nave.is og www.vegagerdin.is.

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 5. september 2003 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfreður nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.

Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun.

9789)

Auglýsing

um svæðaskipulag norðan Skarðsheiðar og deiliskipulag í Borgar-fjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu

Samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst óveruleg breyting á svæðaskipulagi norðan Skarðsheiðar. Breytt er notkun á 32,8 hekturum í Stóra-Áss landi Borgarfjarðarsveit, í frístundabyggð.

Einnig er auglýst eftir athugasemdum við deiliskipulag í landi Stóra-Áss. Tillagan nær til 32,8 hektara svæðis sem liggur að eldri frístundabyggð. Á nýja svæðinu er gert ráð fyrir 61 frístundalóð.

Tillagan ásamt byggingar- og skipulagsskilmálum liggur frammi á skrifstofu sveitarfélagsins Reykholti frá 25. júlí til 22. ágúst 2003 á venjulegum skrifstofutíma.

Athugasemdum skal skila fyrir 5. september 2003 og skulu þær vera skriflegar.

Þeir sem ekki gera athugasemd innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

Skipulags- og byggignarfulltrúi.

9718)

Nauðungarsölur

Keflavík

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, föstudaginn 22. ágúst 2003 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Akurbraut 10, efri hæð, Njarðvík 9721)	Pétur Axel Pétursson og Steinunn G. Kristinsdóttir	Lífeyrissjóður Suðurnesja	483.869
Akurbraut 10, neðri hæð, Njarðvík 9722)	Pétur Axel Pétursson og Steinunn G. Kristinsdóttir	Lífeyrissjóður Suðurnesja	276.433
Akurgerði 8, Vogum 9723)	Lúðvík Berg Bárðarson	Vatnsleysustrandarhreppur	724.360
Aragerði 11, fnr. 209-6322, Vogum 9724)	Guðný María Guðmundsdóttir og Magnús Árnason	Íbúðalánasjóður og Vatnsleysustrandarhreppur	628.078
Bergvegur 16 9725)	Ester Axelsdóttir	Lífeyrissjóður Suðurnesja	138.219
Brekustígur 1, fnr. 209-4667, Sandgerði 9726)	Björn Dúason	Sandgerðisbær	45.707
Efstahraun 4, Grindavík 9727)	Margrét Pálsdóttir	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	400.370
Einholt 4 9728)	Garður Einar Bjarnason	Sparisjóðurinn í Keflavík	580.284
Eldey GK-74, skskmr. 450 9729)	Útgerðarfélagið Skaginn ehf.	Hafnarsjóður Snæfellsbæjar og Ísfell hf.	973.410
Garðbraut 22, fnr. 209-6025, Garði 9730)	Árnheiður Guðnadóttir og Jónas Hörðdal Jónsson	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	541.231
Garðbraut 66, Garði 9731)	Anna Kristín Kristófersdóttir og Viktor Þór Reynisson	Húsasmiðjan hf.	423.735
Grundarvegur 11, 0301, fnr. 209-3298, Njarðvík 9732)	Sigurbjörg Jóna Árnadóttir	Íslandsbanki hf. og Lífeyrissjóður Suðurnesja	397.037
Hafnargata 65, neðri hæð fnr. 208-8116 9733)	Páll Sólberg Eggertsson	Íbúðalánasjóður og sýslumaðurinn í Kópavogi	2.055.215

birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuld-bindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sem og III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti er tóku gildi 1. júlí 2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila sem þeirri fjárhæð nemur.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Greiðsluyfirlit.
- 4.-16. Skuldabréf.
17. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 7. mars 2003.
18. Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Söndru May Ericson, kt. 291153-6669, með óþekkt lögheimili í Bandaríkjunum, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dóm-sal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 2. september 2003 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 23. júní 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.,
Bergþóra Ingólfssdóttir lögfr.
(9645)

Lánasjóður íslenskra námsmanna, kt. 710169-0989, Höfðaborg, Borgartúni 21, Reykjavík

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Guðmundi Karli Arnarssyni, kt. 170263-4729, með óþekkt lögheimili í Danmörku, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 105.313 ásamt dráttar-vöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 340.053 frá 1. mars 2000 til 1. mars 2001, þá af kr. 69.520 frá þeim degi til 1. júlí 2001. Þá skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001, af kr. 69.520 frá þeim degi til 1. mars 2002, og loks af kr. 105.313 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess og krafist að dráttarvextir leggist við höfuð-stól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverjum tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. mars 2002. Loks er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins auk álags er nemi virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð: Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavexti: Krafa stefnanda er vegna námslána Jóhönnu Fjólu Kristjánsdóttur, kt. 040960-6359, er hún tók hjá stefnanda en þau eru tryggð með sjálfskuldarábyrgð stefnda Guðmundar Karls. Jóhönnu var stefnt til greiðslu skuldarinnar með stefnu sem þingfest var þann 11. febrúar 2002, sbr. dskj. nr. 3. Fjárnámi á grundvelli áritaðrar stefnu lauk með árangurslausri aðfarargerð hjá sýslumanninum í Reykjavík, þann 5. apríl 2002, sbr. dskj. nr. 4.

Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu þriggja skuldabréfa á árinu 1984, en númer þeirra og upprunaleg fjárhæð eru eftirtalin: T-28240, upphaflega að fjárhæð kr. 45.000, T-33611, upphaflega að fjárhæð kr. 60.000 og T-

38693, upphaflega að fjárhæð kr. 36.100. Að námi loknu voru hin veittu námslán sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer S-880711 hjá stefnanda. Lánið er allt gjaldfallið en nánari sundurliðun gjaldfallinna afborgana er eftirfarandi:

Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2000	kr.	34.053
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2001	kr.	35.467
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2002	kr.	35.793
Samtals dómkrafa	kr.	105.313

Lánið hefur verið í verulegum vanskilum allt frá gjalddaga þess 1. mars 1996. Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Samkvæmt vottorði frá Hagstofu Íslands dags. 6. mars 2003 hefur stefndi Guðmundur Karl verið skrásettur með lögheimili í Danmörku frá árinu 1998 en dvalarstaður hans þarlendis er óþekktur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla laga nr. 25/1987 sem og laga nr. 38/2001. Þá vísast til 6. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu. Krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988 en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila er nemur honum.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.

2. Skrá yfir framlögð skjöl.

3. Stefnu.

4. Endurrit úr gerðabók dags. 5. apríl 2002.

5. Greiðslufirlit.

6.-8. Skuldabréf.

9. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 6. mars 2003.

10. Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Guðmundi Karli Arnarssyni, kt. 170263-4729, með óþekkt lögheimili í Danmörku til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 2. september 2003 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola í ofangreinda átt. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 23. júní 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.,
Bergþóra Ingólfssdóttir lögfr.

(9646

Lánasjóður íslenskra námsmanna,
kt. 710169-0989,
Höfðaborg, Borgartúni 21,
Reykjavík

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Óskari Þorkelssyni, kt. 290863-3259, með óþekkt lögheimili í Noregi, til greiðslu skuldar samtals að fjárhæð kr. 424.750 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, af kr. 34.053 frá 1. mars 2000 til 1. september 2000, af kr. 78.541 frá þeim degi til 1. mars 2001, þá af kr. 114.008 frá þeim degi til 1. júlí 2001. Þá er krafist dráttarvaxta skv. III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 114.008 frá 1. júlí 2001 til 1. september 2001, þá af kr. 162.028 frá þeim degi

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Háteigur 12, fnr. 208-8291	Ingvi Þór Hákonarson	Landsbanki Íslands hf., Keflavíkurflugvelli og Sparisjóðurinn í Keflavík	469.940
9734)			
Hátún 27, fnr. 208-8383	Guðrún Brynjólfssdóttir	Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú	867.192
9735)			
Heiðarból 2 e, 0203	Sigríður Júlíusdóttir	Sparisjóður Hafnarfjarðar	551.389
9736)			
Heiðarból 8, 0301	Elísabet Stefánsdóttir	Íbúðalánasjóður	180.508
9737)			
Hlíðargata 30, Sandgerði	Hallgrímur Arthúrsson og Inga Jóna Ingimarsdóttir	Einar Magnússon og Sparisjóðurinn í Keflavík	1.433.100
9738)			
Hlíðarvegur 16, Njarðvík	Sveindís Árnadóttir	Húsasmiðjan hf. og Íslandsbanki hf., útibú 542	2.518.096
9739)			
Hringbraut 84, efri hæð	Brynja Hrönn Bjarnadóttir	Búnaðarbanki Íslands hf., Byko hf., Íbúðalánasjóður og Kaldbakur fjárfestingafélag hf.	1.302.014
9740)			
Hringbraut 92c	Halldór Magnússon	Lífeyrissjóður verslunarmanna	154.092
9741)			
Hringbraut 93, efri hæð, fnr. 208-9374	Jón Halldór Sigurðsson og Soffía Inga Axelsdóttir	Landeigendur Y-Njarðvík m/Vn sf.	58.515
9742)			
Hvammisdalur 14, Vogum	Eggert Sigurbergsson	Byko hf.	563.740
9743)			
Krókur 2, fnr. 225-3282, Grindavík	JEG sf.	Grindavíkurkaupstaður og Tryggingamiðstöðin hf.	1.157.982
9744)			
Mávabraut 7, 1d	Ingvar Lúðvík Guðbjörnsson	Innheimtustofnun sveitarfélaga	3.034.313
9745)			
Mýrargata 6, Vogum	Þitt hús ehf.	Sýslumaðurinn í Keflavík	65.572
9746)			
Njarðvíkurbraut 52, 0101, Njarðvík	Strönd ehf.	Ferðamálasjóður	343.453
9747)			
Rafnkelsstaðavegur 5, fnr. 209-5975, Garði	Ingibjörg Þ. Eyjólfssdóttir	Pípulagnir Benna Jóns ehf.	300.875
9748)			
Selsvellir 9, fnr. 209-2484, Grindavík	Hallfríður G. Hólmgrímsdóttir	Íslandsbanki hf., útibú 542	556.135
9749)			
Sigurbjörg Ásgeirs GK-44, skrn. 1600, ásamt öllu sem fylgir og fylgja ber, með síðari endurbótum og viðaukum, þ.m.t. allar varanlegar aflaheimildir	Arnar og Sigurður ehf.	Olíuverslun Íslands hf. og Sparisjóðurinn í Keflavík	2.119.638
9750)			
Sjávargata 25, Njarðvík	Jóhanna Kristinsdóttir	Byko hf. og Húsasmiðjan hf.	817.389
9751)			
Strandgata 25, fnr. 209-5042, Sandgerði	Tros ehf.	Hagblikk ehf. og Tros ehf.	1.663.272
9752)			

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Suðurvellir 16	Bjarni Magnús Jóhannes-son og Þuríður Sveinsdóttir	Ofnasmiðja Suðurnesja ehf. og sýslumaðurinn í Keflavík	702.709
9753)			
Suðurvör 7, fnr. 209-2366, Grindavík	Guðbjörg Lóa Sigurðardóttir og Guðmundur Jónsson	Íslandsbanki hf., útibú 542	2.483.917
9754)			
Sunnubraut 8, fnr. 209-2397, Grindavík	Magnús Eiríkur Arthúrsson og Björk Sverrisdóttir	Landsbanki Íslands hf., Grindavík	330.229
9755)			
Túngata 13, Sandgerði	Sigursveinn Bjarnason	Byko hf.	2.607.216
9756)			
Túngata 3, íbúðarhæð, kjallari og bílskúr, 0201, Grindavík	Þórhildur Eggertsdóttir	Sparisjóðurinn í Keflavík	7.662.011
9757)			
Vallargata 10a, Sandgerði	Reynir Óskarsson og Martha E. Vest Joensen	Sandgerðisbær	65.685
9758)			
Vallargata 14, Sandgerði	Þórður Bjarnason	Sparisjóðurinn í Keflavík	227.780
9759)			
Vesturgata 13a	Guðmundur Hjaltason	Byko hf., Lífeyrissjóður Suðurnesja og Verðbréfun hf.	15.845.139
9760)			
Vesturgata 9	Júlíus Samúelsson	Íbúðalánasjóður	202.194
9761)			
Vitatorg 7, Sandgerði	Stefán Sigurðsson	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	449.999
9762)			
Víkurbraut 32, Grindavík	Ólafur Gunnarsson og Arnbjörg Sigríður Ingólfsdóttir	Fróði hf.	96.478
9763)			
Víkurbraut 48, Grindavík	Þorlákur Karlsson	Skeljungur hf.	94.211
9764)			
Þórustígur 9, fnr. 221-6267, Njarðvík	Sævar Baldursson	Sýslumaðurinn í Keflavík og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	528.703
9765)			
Keflavík, 14. júlí 2003. Sýslumaðurinn í Keflavík, Jón Eysteinnsson.			

til 15. janúar 2002 og loks af kr. 424.750 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverjum tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. mars 2001.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum.

Málflutningsumboð: Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda Óskars, er hann tók hjá stefnanda en þau eru tryggð með sjálf-skuldarábyrgð Ragnhildar G. Guðmundsdóttur, kt. 021166-4219. Ragnhildi var stefnt til greiðslu skuldarinnar með stefnu sem þingfest var þann 26. mars 2002, sbr. dskj. nr. 6. Full-nustugerðir hafa ekki borið árangur gagnvart Ragnhildi en árangurslaust fjárnám var gert hjá henni 20. nóvember 2000, sbr. dskj. nr. 7. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu tveggja skuldabréfa árin 1991 og 1992 og eru númer

þeirra og upphafleg fjárhæð eftirfarandi: T-210080 kr. 240.077 og T-227714 kr. 83.203. Að námi loknu voru veitt námslán sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer S-957154. Vegna verulegra vanskila allt frá gjalddaga lánsins þann 1. mars 2000 er það allt gjaldfellt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 72/1982, með ákvörðun stjórnar stefnanda þann 15. janúar 2002 en þá voru þegar gjaldfallnar afborganir sem hér greinir:

Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2000	kr.	34.053
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2000	kr.	44.488
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2001	kr.	35.467
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2001	kr.	48.020
Gjaldfallnar eftirstöðvar þann 15. janúar 2002	kr.	262.722
Samtals dómkrafa	kr.	424.750

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Samkvæmt vottorði frá Hagstofu Íslands dags. 7. mars 2003, sbr. dskj. nr. 8, hefur stefndi verið búsettur í Noregi frá árinu 1997 og er dvalarstaður hans þarlendis óþekktur. Af þeim sökum er nauðsyn-

legt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuld-bindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sem og III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti er tóku gildi 1. júlí 2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila sem þeirri fjárhæð nemur.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Greiðslufirlit.
- 4-5. Skuldabréf.
6. Áritaða stefnu.
7. Útprentun úr vanskilaskrá
8. Vottorð Hagstofu Íslands, dags. 7. mars 2003.
9. Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Óskari Þorkelssyni, kt. 290863-3259, með óþekkt lögheimili í Noregi, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 2. september 2003 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 20. júní 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.,
Bergþóra Ingólfsdóttir lögfr.

(9647

Lánasjóður íslenskra námsmanna, kt. 710169-0989, Höfðaborg, Borgartúni 21, Reykjavík

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Sigurjóni Haraldssyni, kt. 261257-5809, með óþekkt lögheimili í Danmörku og Guðnýju Önnu Annasdóttur, kt. 300558-5429, einnig með óþekkt lögheimili í Danmörku til greiðslu skuldar in solidum samtals að fjárhæð kr. 6.405.759 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af kr. 59.900 frá 1. mars 2001 til 1. júlí 2001, þá skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 59.900 frá þeim degi til 1. september 2001, þá af kr. 76.251 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 141.308 frá þeim degi til 1. september 2002, þá af kr. 195.797 frá þeim degi til 1. mars 2003, þá af kr. 262.159 frá þeim degi til 27. júní 2003 og loks af kr. 6.405.759 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. vaxtalaga, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. mars 2001.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum úr hendi beggja stefndu.

Málflutningsumboð: Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda Sigurjóns er hann tók hjá stefnanda en þau eru tryggð með sjálf-skuldarábyrgð stefndu Guðnýjar. Til skuldarinnar var stofnað annars vegar með útgáfu skuldabréfa á árunum 1990-1991, með stoð í lögum nr. 72/1982 en númer þeirra og upphafleg fjárhæð

er eftirfarandi: T-194147 kr. 12.372, T-189233 kr. 269.516, T-182982 kr. 169.680, T-175068 kr. 364.922, T-174227 kr. 362.509. Að námi loknu voru veitt námslán sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer S-942561. Hins vegar var stofnað til skuldarinnar með skuldabréfi árið 1994, með stoð í lögum nr. 21/1992, en númer þess er R-8059 og upphafleg fjárhæð kr. 4.000.000. Námslán stefnda hefur verið í verulegum vanskilum allt frá gjalddaga þess þann 1. mars 1996 og var lánið því gjaldfellt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 72/1982 sbr. og heimild 11. gr. laga nr. 21/1992, með ákvörðun stjórnar sjóðsins þann 27. júní 2003. Nánari sundurliðun gjaldfallinna afborgana er sem hér segir:

Gjaldf. afborgun R – láns þann 1. mars 2001	kr.	59.900
Gjaldf. afborgun R – láns þann 1. sept. 2001	kr.	16.351
Gjaldf. afborgun R – láns þann 1. mars 2002	kr.	65.057
Gjaldf. afborgun R – láns þann 1. sept. 2002	kr.	54.489
Gjaldf. afborgun R – láns þann 1. mars 2003	kr.	66.362
Gjaldfelldar eftirst. R – láns þann 27. júní 2003	kr.	4.561.671
Gjaldfelldar eftirst. S – láns þann 27. júní 2003	kr.	1.581.929
Samtals dómkrafa	kr.	6.405.759

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefndu Guðný og Sigurjón hafa verið búsett í Danmörku frá árinu 1999, sbr. dskj. nr. 10-11, og er dvalarstaður þeirra þarlendis óþekktur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuld-bindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. sem og lögum nr. 21/1992 einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla laga nr. 25/1987 og 38/2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila sem þeirri fjárhæð nemur.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Greiðslufirlit.
- 4.-9. Skuldabréf.
- 10.-11.Vottorð Hagstofu Íslands dags. 3. mars 2003.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Sigurjóni Haraldssyni, kt. 261257-5809, með óþekkt lögheimili í Danmörku og Guðnýju Önnu Annasdóttur, kt. 300558-5429, einnig með óþekkt lögheimili í Danmörku, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dóm-sal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykja-vík, þann 9. september 2003 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 8. júlí 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.,
Bergþóra Ingólfsdóttir lögfr.

(9648

Lánasjóður íslenskra námsmanna,
kt. 710169-0989,
Höfðaborg, Borgartúni 21,
Reykjavík

gerir kunnugt: Að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Sigurði Sveinbjörnssyni, kt. 220340-3259 með óþekkt lögheimili í Svíþjóð, til greiðslu skuldar samtals

að fjárhæð kr. 587.927 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, af kr. 32.682 frá 1. september 1999 til 1. mars 2000, þá af kr. 54.779 frá þeim degi til 1. mars 2001, þá af kr. 77.793 frá þeim degi til 1. júlí 2001, þá skv. III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 77.793 frá þeim degi til 1. september 2001, þá af kr. 116.513 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 141.511 frá þeim degi til 1. september 2002, þá af kr. 176.918 frá þeim degi til 1. mars 2003, þá af kr. 202.418 frá þeim degi til 8. júlí 2003 og loks af kr. 587.927 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverjum tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1. september 2000.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum in solidum úr hendi stefnda.

Málflutningsumboð: Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málavexti: Krafa stefnanda er vegna námslána Sveinbjörns Sigurðssonar, kt. 210460-4389, er hann tók hjá stefnanda en þau eru tryggð með sjálfskuldarábyrgð Sigfríðar Jónsdóttur, kt. 270841-4229, sem var í ábyrgð fyrir 35,11% skuldarinnar og stefnda Sigurðar, sem er í ábyrgð fyrir 64,89% skuldarinnar og var ábyrgð þeirra þannig hlutfallsleg. Sigfríður er látin og er erfingjum hennar ekki stefnt að svo stöddu. Hinn 11. október 2000 var árituð stefna á hendur Sveinbirni en ekki hefur tekist að fullnusta kröfuna þar sem Sveinbjörn er eigna-laus, sbr. dskj. nr. 8. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfa árin 1982 og 1983 en númer þeirra og upphafleg fjárhæð er eftirfarandi: T-007506, kr. 13.172, T-007507, kr. 88.822, T-14587, kr. 189.855 og T-017462, kr. 39.200. Að námi stefnda loknu voru hin veittu námslán sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer, S-871217. Vegna verulegra vanskila allt frá gjalddaga lánsins þann 1. september 1999 er það allt gjaldfellt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 72/1982, með ákvörðun stjórnar stefnanda þann 9. júlí 2003 en þá voru þegar gjald-fallnar afborganir og eftirstöðvar sem hér greinir:

Gjaldfallin afborgun þann 1. september 1999	kr.	50.365
Gjaldfallin afborgun þann 1 mars 2000	kr.	34.053
Gjaldfallin afborgun þann 1 mars 2001	kr.	35.467
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2001	kr.	59.670
Gjaldfallin afborgun þann 1 mars 2002	kr.	38.524
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2002	kr.	54.564
Gjaldfallin afborgun þann 1 mars 2003	kr.	39.298
Gjaldfelldar eftirstöðvar þann 9. júlí 2003	kr.	594.095
Samtals dómkrafa	kr.	906.036

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefndi Sigurður hefur verið skráður með lögheimili í Svíþjóð frá árinu 1993, sbr. dskj, nr. 9 og er dvalarstaður þarlendis óþekktur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirt-ingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuld-bindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla laga nr. 25/1987 sem og III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti er tóku gildi 1. júlí 2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila er nemur honum.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.

3. Greiðslufirlit.
- 4.-7. Skuldabréf.
8. Útþrentun úr vanskilaskrá.
9. Vottorð Hagstofu Íslands, dags. 6. mars 2003.
10. Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með, Sigurði Sveinbjörnssyni, kt. 220340-3259, með óþekkt lögheimili í Svíþjóð, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dóm-sal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykja-vík, þann 9. september 2003 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola í ofangreinda átt. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 9. júlí 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.,
Bergþóra Ingólfsdóttir lögfr.

(9649

Lánasjóður íslenskra námsmanna,
kt. 710169-0989,
Höfðaborg, Borgartúni 21,
Reykjavík

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Sveini Þór Hrafnssyni, kt. 010669-4569, með óþekkt lögheimili í Bretlandi, til greiðslu skuldar samtals að fjárhæð kr. 878.265 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, af kr. 113.986 frá 1. september 1999 til 1. mars 2000, þá af kr. 147.739 frá þeim degi til 1. september 2000, þá af kr. 275.808 frá þeim degi til 1. mars 2001, þá af kr. 311.275 frá þeim degi til 1. júlí 2001, þá skv. III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 311.275 til 1. september 2001, þá af kr. 456.020 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 494.544 frá þeim degi til 1. september 2002, þá af kr. 691.793 frá þeim degi til 10. október 2002 og loks af kr. 878.265 frá þeim degi til greiðslu-dags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverjum tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. september 2000. Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum úr hendi stefnda.

Málflutningsumboð: Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda er hann tók hjá stefnanda en þau voru tryggð með sjálfskuldarábyrgð Erlu Höskuldsdóttur, kt. 090234-7499. Erla er nú látin en erfingjum hennar er ekki stefnt að svo stöddu. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfa árin 1990 og 1991 en númer þeirra og upphafleg fjárhæð er eftirfarandi: T-142802, kr. 148.475, T- 147926, kr. 71.837, T-190506, kr. 169.401, T-174733, kr. 244.443, T-177461, kr. 340.948. Að námi loknu voru veitt námslán sameinuð og gefið nýtt sameiginlegt númer S-940052. Vegna verulegra vanskila allt frá gjald-daga lánsins þann 1. mars 1994 er það allt gjald-fellt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 72/1982, með ákvörðun stjórnar stefnanda þann 10. október 2002. Nánari sundurliðun gjaldfall-inna afborgana og eftirstöðva er sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun þann 1. september 1999	kr.	113.986
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2000	kr.	34.053
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2000	kr.	128.069
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2001	kr.	35.467
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2001	kr.	144.745
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2002	kr.	38.524
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2002	kr.	197.249
Gjaldfelldar eftirstöðvar þann 10. október 2002	kr.	186.472
Samtals dómkrafa	kr.	1.285.057

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefndi Sveinn Þór hefur verið búsettur í Bretlandi frá árinu 1995, sbr. dskj. nr. 9 og er dvalarstaður hans þarlendis óþekktur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuld-bindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sem og III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti er tóku gildi 1. júlí 2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila sem þeirri fjárhæð nemur.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Greiðslufirlit.
- 4.-8. Skuldabréf.
9. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 7. mars 2003.
10. Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Sveini Þór Hrafnssyni, kt. 010669-4569, með óþekkt lögheimili í Bretlandi, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dóm-sal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykja-vík þann 9. september 2003 kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 8. júlí 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.,
Bergþóra Ingólfssdóttir lögfr.

(9650)

Lánasjóður íslenskra námsmanna, kt. 710169-0989, Höfðaborg, Borgartúni 21, Reykjavík

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Helgu Bjarnadóttur, kt. 181157-4379, með óþekkt lögheimili í Danmörku, til greiðslu skuldar samtals að fjárhæð kr. 444.352 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, af kr. 8.566 frá 1. september 2000 til 1. mars 2001, þá af kr. 68.466 frá þeim degi til 1. júlí 2001, þá skv. III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 68.466 frá þeim degi til 1. september 2001, þá af kr. 108.823 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 173.880 frá þeim degi til 1. september 2002, þá af kr. 407.497 frá þeim degi til 1. mars 2003, þá af kr. 444.352 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er þess og krafist að dráttar-vextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. september 2001. Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum úr hendi stefndu.

Málflutningsumboð: Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu Helgu er hún tók hjá stefnanda en þau voru tryggð með sjálfskuldar-ábyrgð Maríu Bjarnadóttur kt. 110556-5519. Hinn 20. mars 2002 lauk fjárnámsgerð sýslu-

mannsins í Hafnarfirði án árangurs gagnvart Maríu. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs árið 1997, sem veitt var með stoð í lögum nr. 21/1992 en númer þess og upphafleg fjárhæð er R-18830 kr. 420.000. Lánið hefur verið í verulegum vanskilum allt frá gjalddaga lánsins þann 1. september 2000 en lánið er nú allt gjaldfallið. Nánari sundurliðun gjaldfallinna afborgana er eftirfarandi:

Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2000	kr.	8.566
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2001	kr.	59.900
Gjaldfelldar eftirstöðvar þann 1. sept. 2001	kr.	40.357
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2002	kr.	65.057
Gjaldfallin afborgun þann 1. september 2002	kr.	233.617
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars. 2003	kr.	36.855
Samtals dómkrafa	kr.	444.352

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Samkvæmt vottorði frá Hagstofu Íslands dags. 3. mars 2003, sbr. dskj. 5, hefur stefnda verið búsett í Dan-mörku frá 8. september 1997 og er dvalarstaður hennar þarlendis óþekktur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuld-bindinga og lögum nr. 72/1982, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla laga nr. 25/1987 og 38/2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisauka-skattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila sem þeirri fjárhæð nemur.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunar-gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Greiðslufirlit.
4. Skuldabréf.
5. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 3. mars 2003.
6. Afrit birtingar í Lögbirtingablaði.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Helgu Bjarnadóttur, kt. 181157-4379, með óþekkt lög-heimili í Danmörku, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dóm-sal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykja-vík, þann 2. september 2003 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 1. júlí 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.,
Bergþóra Ingólfssdóttir lögfr.

(9651)

Lánasjóður íslenskra námsmanna, kt. 710169-0989, Höfðaborg, Borgartúni 21, Reykjavík

gerir kunnugt: Að sjóðurinn þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Guðnýju Önnu Annasdóttur, kt. 300558-5429, með óþekkt lögheimili í Danmörku og Sigurjóni Haraldssyni, kt. 261257-5809, einnig með óþekkt lögheimili í Danmörku til greiðslu skuldar in solidum samtals að fjárhæð kr. 1.364.302 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987, af kr. 59.900 frá 1. mars 2001 til 1. júlí 2001, þá skv. III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 59.900 frá þeim degi til 1. mars 2002, þá af kr. 124.957, frá þeim degi til 1. mars 2003, þá af kr. 191.319, frá þeim degi til 27. júní 2003 og loks

af kr. 1.364.302 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól skv. 12. gr. gildandi vaxtalaga á hverj-um tíma, nú lög nr. 38/2001, á tólf mánaða fresti í fyrsta sinn þann 1. mars 2002. Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk álags er nemi virðisaukaskatti af honum úr hendi stefndu.

Málflutningsumboð: Björn L. Bergsson hrl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu Guðnýjar er hún tók hjá stefnanda en það er tryggt með sjálfskuldar-ábyrgð stefnda Sigurjóns. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs árið 1992 sem veitt var með stoð í lögum nr. 21/1992, með númerinu R-01313 en upphafleg fjárhæð þess var kr. 1.200.000. Vegna verulegra vanskila allt frá gjalddaga lánsins þann 1. mars 2001 er það allt gjaldfellt samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 21/1992, með ákvörðun stjórnar stefnanda þann 26. júní 2003. Nánari sundurliðun gjaldfallinna afborgana og eftirstöðva er sem hér segir:

Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2001	kr.	59.900
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2002	kr.	65.057
Gjaldfallin afborgun þann 1. mars 2003	kr.	66.362
Gjaldfelldar eftirstöðvar þann 26. júní 2003	kr.	1.172.983
Samtals dómkrafa	kr.	1.364.302

Innheimtutilraunir hafa ekki borið árangur og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefndu Guðný og Sigurjón hafa verið búsett í Danmörku frá árinu 1999, sbr. dskj. nr. 5-6, og er dvalarstaður þeirra þarlendis óþekktur. Af þeim sökum er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuld-bindinga og lögum nr. 31/1992, einkum 11. gr. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 sem og III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti er tóku gildi 1. júlí 2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og er því nauðsyn á að fá dæmt álag úr hendi gagnaðila sem þeirri fjárhæð nemur.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunar-gögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Greiðslufirlit.
4. Skuldabréf.
5. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 3. mars 2003
6. Vottorð Hagstofu Íslands dags. 3. mars 2003.
7. Afrit stefnubirtingar í Lögbirtingablaði.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Guðnýju Önnu Annasdóttur, kt. 300558-5429, með óþekkt lögheimili í Danmörku og Sigurjóni Haraldssyni, kt. 261257-5809, einnig með óþekkt lögheimili í Danmörku til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjar-torg, Reykjavík, þann 2. september 2003 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefndu má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 2. júlí 2003.
F.h. Björns L. Bergssonar hrl.,
Bergþóra Ingólfssdóttir lögfr.

(9652)

Auglýsing

um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987, og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir ágúst 2003:

Vísitala neysluverðs: 226,5 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 4.472 stig.

Hagstofu Íslands,
10. júlí 2003.

9530)

Tilkynning

um afsal starfsleyfis verðbréfamiðlunar

Fjármálaeftirlitið hefur móttengið tilkynningu frá verðbréfamiðluninni Annar hf.-Verðbréf-verðbréfamiðlun um að félagið afsali sér leyfi sínu til verðbréfamiðlunar. Fram kemur að félagið hafi hætt verðbréfamiðlun frá 1. júlí 2003. Er félaginu því óheimilt að hafa milligöngu um kaup eða sölu fjármálagerna og sérfræðiráðgjöf um verðbréfavíðskipti þar sem endurgjald kemur fyrir. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, getur Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi verðbréfamiðlunar afsali það sé leyfinu. Ákvörðun um slíkt hefur ekki verið tekin.

16. júlí 2003.

Fjármálaeftirlitið.

9720)

Skiptafundur í neðangreindu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, 101 Reykjavík á neðangreindum tíma.

Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu. Frumvarpið mun liggja frammi á fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta.

Komi ekki fram andmæli gegn frumvarpinu í síðasta lagi á boððum skiptafundi mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr búinu.

Nafn bús:
Fimm árstíðir ehf.,
kt. 660301-3640,
Klapparstíg 38, Reykjavík

Skiptafundur:
föstudaginn
8. ágúst 2003
kl. 10.00

(9665

Reykjavík, 14. júlí 2003.
Sigurður Georgsson hrl.,
skiptastjóri.

Skiptalok

Með úrskurðum héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum á neðangreindum tímum voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúunum.

Engar eignir fundust í búunum og var skiptum því lokið á neðangreindum dögum, samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur auk áfallandi dráttarvaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Úrskurðard. gjaldþrsk.:	Skiptalok:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Eiríkur Einarsson, kt. 260648-3149, Hæli 2, Gnúpverjahreppi	25. febr. 2003	12. júní 2003	3.352.921
Sveinn Gíslason, kt. 010247-3309, Amarheiði 20, Hveragerði	21. mars 2003	3. júlí 2003	46.811.058*
Vilhjálmur A. Ólafsson, kt. 030858-3959, Eyrarbraut 24, Stokkseyri	21. mars 2003	3. júlí 2003	13.289.454

(9516

E.S.G. ehf.,
kt. 630994-2099,
Vesturbergi 138,
Reykjavík

21. mars 2003

3. júlí 2003

8.566.422**

(9517

* Þar af forgangskröfur kr. 229.026 og almennar kröfur kr. 46.582.032.

** Þar af samþykktar forgangskröfur kr. 1.725.369 og almennar kröfur kr. 6.841.053.

Selfossi, 8. júlí 2003.

Ólafur Björnsson hrl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirrituð skipuð skiptastjóri í búinu.

Inneignir í bönkum fundust í eigu þrotabúsins sem gengu upp í greiðslu skiptakostnaðar.

Aðrar eignir fundust ekki í búinu og var skiptum því lokið á neðangreindum tíma samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar almennar kröfur auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir að úrskurður um gjaldþrotaskipti gekk.

Nafn bús:	Úrskurðard. gjaldþrsk.:	Skiptalok:	Fjárhæð lýstra krafna kr.:
Farði ehf., kt. 520953-0199, Grensásvegi 13, Reykjavík	15. nóv. 2002	7. júlí 2003	19.991.018
Hafnarfirði, 10. júlí 2003. Þórdís Bjarnadóttir hdl.			

(9526

Kaupmáli

Kópavogur

Í júlímánuði 2003 var kaupmáli færður í kaupmálaskrá ráðuneytisins skv. 86. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Viðtökudags hjá sýslumannsembættinu í Kópavogi er getið innan sviga:

Margrét Jóna Jónsdóttir, kt. 200176-5299, Blásölum 3, Kópavogi og Aðalsteinn Guðmundsson, kt. 070477-5489, s.st. (2. júlí 2003).

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
10. júlí 2003.

(9527

Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur í dag gefið út skipunarbréf handa Ragnheiði Karítas Pétursdóttur, cand. theol., sem sóknarprestur í Ingjaldshólsprestakalli í Snæfellsnes- og Dala-prófastdæmi. Skipunin gildir í fimm ár frá 1. september 2003 að telja, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
9. júlí 2003.

(9629

Þann 8. júlí var Árna Haraldssyni lögfræðingi, kt. 110159-2269, veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

Hann hefur lagt réttindin inn til ráðuneytisins meðan hann stundar ekki lögmannsstörf. Réttindin eru því óvirk á meðan.

Þann 10. júlí var Helgu Hlín Hákonardóttur lögfræðingi, kt. 180472-3719, veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

Þann 11. júlí var Halldóri Björnssyni lögfræðingi, kt. 100862-3959, veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

Hann hefur lagt réttindin inn til ráðuneytisins meðan hann stundar ekki lögmannsstörf. Réttindin eru því óvirk á meðan.

Í dag var Stefáni Holm lögfræðingi, kt. 230675-6199, veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

Hann hefur lagt réttindin inn til ráðuneytisins meðan hann stundar ekki lögmannsstörf. Réttindin eru því óvirk á meðan.

Í dag var Erlu Þuríði Pétursdóttur lögfræðingi, kt. 100574-4979, veitt leyfi til að vera héraðsdómslögmaður.

Hún hefur lagt réttindin inn til ráðuneytisins meðan hún stundar ekki lögmannsstörf. Réttindin eru því óvirk á meðan.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
14. júlí 2003.

(9630

Lögbirtingablað,

103. tölublað 2003.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og ábyrgðarmaður.

Eygló Halldórsdóttir


Gutenberg
PRESTENTUNAR